



ALÞÝÐUSAMBAND
ÍSLANDS



Hagspá ASÍ

Horfur í efnahagsmálum

2025

SPÁ ASÍ 2025-2027

Hlutfallsleg breyting	Spá			
	2024	2025	2026	2027
Einkaneysla	0,9	3,4	2,9	2,3
Samneysla	1,9	2,2	2,5	1,8
Fjármunamyndun	7,6	5,8	-1,6	3,8
<i>þar af atvinnuvegir</i>	7,0	6,7	-1,4	3,8
<i>þar af húsnæði</i>	18,1	-5,9	-4,8	5,4
<i>þar af hið opinbera</i>	-1,7	3,5	1,2	1,6
Þjóðarútgjöld	2,7	3,4	1,5	2,7
Útflutningur	-2,3	0,4	-0,5	2,0
Innflutningur	4,0	5,1	-0,8	3,5
Landsframleiðsla	-1,0	1,4	1,6	2,1
Verðbólga ¹	5,9	4,2	4,0	3,2
Verðbólga í lok árs ¹	4,9	3,9	3,9	3,0
Atvinnuleysi ²	3,4	4,5	4,9	4,2
Stýrivextir ³	9,1	7,7	7,2	6,5
Gengisvísitala ³	195	190	188	186

¹Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

²Atvinnuleysi, hlutfall af áætluðum mannafla

³Ársmeðaltal


Helstu atriði

Skýr merki eru um kólnun í hagkerfinu samkvæmt nýrri hagspá ASÍ þótt töluverður þróttur hafi verið í efnahagsumsvifum á þessu ári. Hagvöxtur verður 1,4% á árinu og 1,6% á næsta ári samkvæmt grunnsþá. Vöxtur hagkerfisins er hægur í sögulegu samhengi og endurspeglar þétt taumhald peningastefnu Seðlabankans.

Spáin var í vinnslu þegar bilun varð í álveri Norðuráls á Grundartanga og var færð niður í kjölfarið. Í grunnsþánni er gert ráð fyrir að áhrif bilunarinnar vari í sex mánuði en önnur sviðsmynd gerir ráð fyrir áhrifum í allt að tólf mánuði. Raungerist dekkri sviðsmyndin er gert ráð fyrir 0,9% hagvexti á næsta ári.

Ljóst er að mikil óvissa ríkir um þróun efnahagsmála um þessar mundir bæði vegna innlendra þróunar, alþjóðlegra þátta, breytinga á lánaframboði á húsnæðismarkaði og dekkri væntinga. Töluverður kraftur hefur verið í innlendra eftirspurn á þessu ári, einkum vegna aukinnar einkaneyslu og stórra fjárfestinga en einnig hafa umsvif í ferðaþjónustu verið mikil. Grunnsþáin gerir ráð fyrir þónokkrum krafti í vexti einkaneyslu á spátímabilinu. Þó er hætt á að nýleg áföll í efnahagslífi kunni að gera það að verkum að hagvexti sé ofspáð á tímabilinu.

Mynd 1. Hagvöxtur



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Áætlað er að fjármunamyndun aukist um 5,9% á þessu ári en þar munar mest um upphafs fjárfestingu í laxeldi og gagnaverum. Útlit er fyrir að fjármunamyndun dragist saman á næsta ári, m.a. vegna minni almennra fjárfestinga atvinnuveganna og samdráttar í íbúðafjárfestingu. Nýjum íbúðum í byggingu hefur fækkað síðustu ár og samdráttur er í innflutningi byggingarefna.¹ Samkvæmt spánni mun vaxtastigið halda aftur af fjárfestingu í byggingariðnaði út árið 2026, án þess þó að raunvirði íbúðaverðs gefi eftir. Þótt grunnspáin geri ráð fyrir stöðugu raunverði húsnæðis er ljóst að mikið magn óseldra nýrra íbúða, lengri sölutími ásamt minna framboði lánamöguleika í kjölfar dóms í vaxtamálinu ættu að óbreyttu að setja þrýsting á verðlækkanir á húsnæðismarkaði.

Spáin hvílir í grunninn á nokkuð stöðugum horfum í útflutningi sjávarafurða og ferðapjónustu. Gert er ráð fyrir því að áhrif af brotthvarfi flugfélagsins Play verði óveruleg. Engu að síður gefa skammtímaávisar í ferðapjónustu til kynna að það dragi úr flugferðum hingað til lands á árinu 2026. Samhliða því fækkar bókuðum gistinóttum.² Ljóst er að mikil óvissa ríkir um útflutningshorfur um þessar mundir þar sem horfur munu að miklu leyti ráðast af því hve lengi bilun í álveri Norðuráls varir ásamt þróun í sjávarútvegi og ferðapjónustu.

Verðbólga mun reynast þrálát og vera yfir markmiði Seðlabankans út spátímann. Grunnspáin gerir ráð fyrir 4,2% verðbólgu á þessu ári og 4% á næsta ári en þróast í átt að markmiði á árinu 2027. Verðbólguþrýstingur hefur reynst töluverður á þessu ári, einkum vegna innlendra hækkana og mikillar spennu á leigumarkaði.

Hægt hefur á fjölgun starfa og atvinnuleysi hefur farið vaxandi undanfarin misseri. Atvinnuleysi nemur 4,5% á þessu ári en eykst í 4,9% á árinu 2026. Hægari umsvif í ferðapjónustu og samdráttur á byggingamarkaði munu hafa áhrif á vinnumarkaði. Raungerist dekkri sviðsmynd um bilun í álveri Norðuráls mun atvinnuleysi nema 5% á næsta ári.

¹ Sjá [greiningu](#) SI (september 2025).

² Sjá [Peningamál 2025/3](#)


Fráviksdæmi

Þrátt fyrir að hagkerfið hafi sýnt mikinn viðnámsþrótt eftir röð áfalla er íslenskur efnahagur enn berskjaldaður fyrir ytri aðstæðum. Vaxandi viðskiptahindranir og minnkandi umsvif í helstu viðskiptalöndum draga, að öðru óbreyttu, úr eftirspurn eftir íslenskum útflutningi. Smæð hagkerfisins og einsleitni útflutningsgreina bætir ekki úr skák.³

Í lok október tilkynnti Norðurál um framleiðslustöðvun í kjölfar bilunar í rafbúnaði álversins. Verksmiðjan keyrir því á skertum afköstum um ófyrirséðan tíma. Spá ASÍ var breytt með hliðsjón af því fyrir útgáfu og hagvaxtarhorfur færðar niður um 0,3 prósentustig (úr 1,7% í 1,4%), eftir stöðvun framleiðslu á Grundartanga, og um 0,4 prósentustig árið 2026 (úr 2,0% í 1,6%). Varfærið mat hagfræði- og greiningarsviðs er að umfang útflutnings áls dragist saman um 20%, frá síðasta ársfjórðungi 2025 til og með fyrsta ársfjórðungi 2026, samanborið við fyrri horfur.

Mynd 2. Hagvöxtur

Ólíkar forsendur um útflutning stóriðju



Heimild: Spá ASÍ

Nái framleiðslustöðvunin fram á þriðja ársfjórðung næsta árs er útlit fyrir enn frekari samdrátt hagvaxtar. Raungerist dekkri sviðsmynd má vænta þess að hagvöxtur nemi 0,9% á næsta ári.

Samkvæmt grunnspánni er gert ráð fyrir 4,9% atvinnuleysi á næsta ári en í eldri spá hafði verið spáð 4,7%. Raungerist dekkri sviðsmyndin um framleiðslustöðvun í fjóra ársfjórðunga má vænta óverulegra áhrifa á atvinnuleysi, eða um 5% á árinu 2026.


Aukinn kraftur í neyslu heimila

Eftir hægan vöxt einkaneyslu á árunum 2023-2024 má sjá merki um aukinn kraft í útgjöldum heimila. Þróunin er nokkuð á skjön við vaxandi aðhald peningastefnunnar og hægari vöxt kaupmáttar ráðstöfunartekna. Sé tekið tillit til mannfjölgunar ræðir þó ekki um mikinn hagvöxt í sögulegu samhengi en um nokkurn viðsnúning frá árunum 2023-2024

³ Sjá t.d. úttektir [IMF](#) og [OECD](#).

Þegar einkaneysla jókst um 0,8% að jafnaði. Sé leiðrétt fyrir mannfjölgun, dróst einkaneysla á mann saman á þeim tíma.


Mynd 3. Einkaneysla - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Mynd 4. Kortavelta íslendinga

Fast verðlag



Heimild: Seðlabanki Íslands og útreikningar ASÍ


Sé samsetning einkaneyslu skoðuð á árinu 2024, má sjá breytingar í neyslu sem leiða af aukinni kólnun í hagkerfinu og hækkun vaxta. Þannig dró verulega úr bifreiðakaupum heimila. Hins vegar jukust útgjöld í mat- og drykkjarvöru um 3,8% að raunvirði, og útgjöld Íslendinga erlendis um 7,3%.

Einkaneysla jókst um 3% á fyrri helmingi þessa árs og sú aukning helst í hendur við þróun skammtímavísa á borð við kortaveltu. Þróun kortaveltu, mælingar Gallup á fyrirhuguðum ferðalögum⁴ og tölur um farþegafjölda benda jafnframt til þess að enn sé nokkur aukning á ferðalögum Íslendinga. Alls fóru um 20% fleiri Íslendingar um Keflavíkurflugvöll á fyrstu níu mánuðum ársins borið saman við síðasta ár. Samkvæmt Spá ASÍ eykst einkaneysla um 3,4% á þessu ári, 2,9% á næsta ári en á árinu 2027 verður hægari vöxtur einkaneyslu eða 2,3%.

Ráðstöfunartekjur á mann endurspeglar þann tekjustofn sem heimilin hafa til ráðstöfunar í neyslu eftir að hafa staðið skil á opinberum gjöldum og lánagreiðslum.⁵ Skuldsett heimili hafa ekki farið varhluta af aukinni vaxtabyrði, sem kemur heim og saman við hægari vöxt einkaneyslu síðustu ár. Þessi hækkun vaxta hefur bæði aukið vaxtabyrði lána og ýtt undir aukna sparnaðarhneigð.

Mynd 5. Kaupmáttur ráðstöfunartekna og launa

Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar ASÍ

Þegar litið er til kaupmáttar ráðstöfunartekna þrengdi verulega að stöðu heimilanna þegar samkomutakmarkanir voru í gildi. Á sama tíma var árshækkun kaupmáttar launa á bilinu þrjú til sex prósent. Það ber vitni um ólíka stöðu þeirra sem héldu atvinnu eða ekki, þó fleira komi til. Frá öðrum ársfjórðungi 2023 og fram á árið 2024 fylgist breyting launa og ráðstöfunartekna að, samhliða kólnun hagkerfisins og vaxandi afborgunum lána.⁶ Á síðari


⁴ Sjá Hagvísu Seðlabankans

⁵ Samkvæmt skilgreiningu tekjuskiptingaruppgjörs þjóðhagsreikninga.

⁶ Sjá [Hagvísu](#) Seðlabanka Íslands VII-13 Skuldir heimila og [Breytingar á lánaumhverfi heimila](#)

hluta 2024 skilur á milli að nýju en þá má leiða líkur að áhrifa hárri stýrivaxta sé farið gæta verulega í mældum ráðstöfunartekjum.

Mynd 6. Tegundir nýrra íbúðalána til neytenda



Heimild: Seðlabanki Íslands


Sókn heimilanna í verðtryggð lán, á undanförunum tveimur árum, dregur aftur á móti úr þessum miðlunaráhrifum peningastefnunnar, að öðru óbreyttu. Það stafar af því að verðbótum verðtryggðs láns er dreift yfir líftíma lánsins, en nafnvaxtabreytingar óverðtryggðra lána koma strax fram í mánaðarlegum afborgunum. Alls voru um 600 milljarðar af óverðtryggðum lánum heimila sem komu til endurskoðunar frá síðari helmingi 2023 til síðari helmings 2025. Þróun á lántökum heimila bendir til þess að stór hluti þessara lána hafi verið endurfjármagnaður með verðtryggðum lánum. Hlutdeild óverðtryggðra íbúðalána fór, vel að merkja, hæst í 56% á þriðja ársfjórðungi 2022, en stendur nú í tæplega 36%.

Almenn vanskilahlutföll hafa lækkað samhliða hækkun stýrivaxta undanfarin ár. Þó hefur samsetning vanskila breyst milli ára.⁷ Hlutfall útlána til heimila, í vanefndum, fór úr 2,3 prósentum í 2,5 milli júnímánaðar 2024 og 2025. Á sama tíma jukust vanskil í byggingariðnaði úr 2,5 í 6,8 prósent.

⁷ Sjá [Hagvísu](#) IX-7 Vanskilahlutföll kerfislega mikilvægra banka og IX-8 Hlutfall útlána í vanefndum já kerfislega mikilvægum bönkum í júní 2025.

Fjármunamyndun

Mynd 7. Fjármunamyndun - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ


Fjármunamyndun jókst um 7,6% á síðasta ári en með fjármunamyndun er átt við fjárfestingar atvinnuveganna, íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera. Fjármunamyndun síðasta árs var drifin áfram af mældri íbúðafjárfestingu, sem jókst um 18,1%, og atvinnuvegafjárfestingu (7,0%). Á sama tíma dróst fjárfesting hins opinbera saman um 1,7%. Áætlað er að fjármunamyndun aukist um 5,8% á þessu ári, en dragist saman á því næsta. Þar munar mest um upphafs fjárfestingu í laxeldi og gagnaverum. Útlit er fyrir að opinber fjárfesting aukist á þessu ári og styðji við fjármunamyndun út árið 2027. Skapist rými fyrir lækkun stýrivaxta, þegar fram líða stundir, má búast við að byggingariðnaðurinn taki við sér á ný.

Húsnæðismarkaður á krossgötum

Mikið ójafnvægi skapaðist á húsnæðismarkaði á árunum bæði fyrir og eftir efnahagshrun. Aukið aðgengi að lánsfé, minni eiginfjárkröfur og mikill hagvöxtur ásamt fleiri þáttum urðu til þess að stórauka húsnæðiseftirspurn og ýta undir miklar verðhækkanir á árunum 2003-2008. Aðstæður á húsnæðismarkaði breyttust snögglega við fall íslensku bankanna en í kjölfarið dró úr getu heimila til kaupa á húsnæði vegna minni kaupmáttar og erfiðrar skuldastöðu. Áhrifin voru einnig mikil á verktaka sem drógu úr byggingaráformum. Íbúðafjárfesting dróst saman um 70% á árunum 2007-2010. Á árunum 2009-2014 var 961 fullgerð íbúð byggð að jafnaði á ári samanborið við um 2.900 íbúðir á árunum 2003-2008.

Því má segja að sú umfræftirspurn sem ríkti á árunum fyrir hrun hafi breyst í viðvarandi skort á árunum eftir hrun þar sem mannvirkjagerð hefur átt erfitt með að byggja í takt við mikla fólksfjölgun, stóra árganga fyrstu kaupenda og breyttar húsnæðisþarfir þar sem íbúum á íbúð hefur fækkað. Þetta ójafnvægi ásamt lækkun vaxta í kjölfar heimsfaraldurs hefur leitt til þess að húsnæðisverð hefur verið meginþrífkraftur verðbólgu og hækkað umfram bæði laun og verðlag, mun meira en í nágrennalöndum.


Mynd 8. Raunverð húsnæðis




Heimild: Seðlabanki Íslands

Ljóst er að óvenjulegar aðstæður ríkja á húsnæðismarkaði um þessar mundir. Seðlabankinn hefur gripið til margvíslegra aðgerða til að bregðast við áhrifum sem m.a. leiða af spennu á húsnæðismarkaði. Bankinn hefur hækkað vexti til að stuðla að verðstöðugleika og gripið til sérstakra lánþegaskilyrða á húsnæðismarkaði til að stuðla að fjármálastöðugleika.


Mynd 9. Fjöldi kaupsamninga



Mynd 10. Birgðatími íbúða



Mynd 11. Hlutfall íbúða sem selst undir ásettu verði



Heimild: Seðlabanki Íslands


Aðgerðir Seðlabankans hafa slegið á þenslu á húsnæðismarkaði. Velta mæld með fjölda kaupsamninga hefur engu að síður verið allnokkur, að jafnaði um 600 samningar á mánuði á höfuðborgarsvæðinu á árinu sem er sambærilegur fjöldi og á árunum 2017-2019. Aðstæður á markaðnum gefa til kynna að nokkuð misræmi sé til staðar. Fjöldi óseldra íbúða, fyrst og fremst nýbygginga hefur farið vaxandi. Tölur Seðlabankans um birgðatíma íbúða benda þannig til þess að meira en ársframboð nýrra íbúða sé til sölu um þessar mundir. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur þó bent á að nýjar íbúðir séu að jafnaði bæði dýrari og stærri en aðrar íbúðir⁸. Á sama tíma gætir enn umtalsverðrar spennu á leigumarkaði, en árshækkun greiddrar húsaleigu nam 10,5% í september borið saman við 6,4% á reiknaðri húsaleigu.

Að óbreyttu ætti lengri birgðatími og aukinn fjöldi óseldra íbúða að setja þrýsting til lækkunar á íbúðaverði. Sú þróun hefur ekki gert var við sig en fjöldi íbúða sem seljast undir ásettu verði er undir langtíma meðaltali. Einungis þriðjungur nýrra íbúða selst undir ásettu verði sem er sambærilegt hlutfall og á árunum 2018-2019.

⁸ Sjá <https://hms.is/frettir/nyjar-ibudir-seljast-sjaldan-a-undirverdi-thratt-fyrir-litla-solu>


Mynd 12. Greiðslubyrði af láni

Miðast við 90 fm íbúð í Reykjavík, 80% lánshlutfall og jafngreiðslulán



Mynd 13. Greiðslubyrði af láni, % af meðaltekjum eftir skatt

Miðast við 90 fm íbúð í Reykjavík og jafngreiðslulán



Heimild: Útreikningar ASÍ

Samspil hás raunverðs húsnæðis, hárra vaxta og lánþegaskilyrða hefur mikil áhrif á getu fyrstu kaupenda til að komast inn á húsnæðismarkað. Hátt fasteignaverð kallar því á mikið eigið fé hjá fyrstu kaupendum auk þess sem háir vextir og lánþegaskilyrði gera þeim erfitt að standast greiðslumat eða uppfylla skilyrði um greiðslubyrðarhlutfall⁹. Með öðrum orðum er stórum hóp í dag ókleift að uppfylla lánþegaskilyrði.

Ólík lánaform hafa mismunandi kosti og galla. Jafngreiðslulán til 40 ára voru um langt skeið ríkjandi lánaform á íslenskum húsnæðismarkaði. Slík lán halda greiðslubyrði lágrí í upphafi á kostnað eignamyndunar. Í dag nemur greiðslubyrði af verðtryggðu 40 ára jafngreiðsluláni um 52% af útborguðum meðallaunum og 65% ef lánstíminn er 25 ár. Í grunninn þyrfti einstaklingur því að vera með 1.300 þúsund krónur á mánuði til að uppfylla greiðslubyrðarhlutfallið, en í reynd þurfa tekjurnar að vera hærri þar sem lánþegaskilyrðin setja þær kvaðir að greiðslumat miðist við 25 ára lán.

⁹ Lánþegaskilyrðin fela í sér að greiðslubyrði lána má ekki vera umfram 35-40% af útborguðum tekjum en setja einnig kvaðir á lánstíma og vexti við gerð greiðslumats.


Í október féll dómur Hæstaréttar í vaxtamálinu svokallaða og í kjölfarið hefur skapast óvissa um útfærslu verðtryggðra lána sem leitt hefur til þess að bankar hafa þrengt að framboði slíkra lána. Landsbankinn hefur þannig þegar tilkynnt að veitingu verðtryggðra lána verði hætt, nema til fyrstu kaupenda og þá eingöngu til 20 ára á jöfnum afborgunum. Arion Banki og Íslandsbanki hafa báðir gert hlé á veitingu verðtryggðra lána. Á hinn bóginn eru enn veitt lán til 40 ára til fyrstu kaupenda hjá lífeyrissjóðum. Ljóst er að óvissa í kjölfar dóms Hæstaréttar til viðbótar við lánþegaskilyrði og breytt framboð íbúðalána mun draga úr húsnæðiseftirspurn á komandi misserum. Að óbreyttu eru forsendur fyrir verðlækkunum á íbúðum vegna mikils framboðs óseldra eigna samhliða lánþegaskilyrðum og minna framboði verðtryggðra lána. Grunnspá ASÍ gerir engu að síður ráð fyrir stöðugu raunverði húsnæðis á spátímabilinu sökum minni umsvifa í mannvirkjagerð, en samkvæmt spánni dregst íbúðafjárfesting saman um 5,9% á þessu ári og 4,8% á árinu 2026.

Útflutningur

Útlit er fyrir hóflegan útflutningsvöxt fram til ársins 2027. Þar munar helst um aukinn almennan útflutning, aukningu í útflutningi sjávarafurða, á meðan útflutningur stóriðju og ferðaþjónusta gefur eftir. Skammtímaþísar í ferðaþjónustu gefa til kynna að það dragi úr flugferðum hingað til lands á árinu 2025. Samhliða því fækkar bókuðum gistinóttum.¹⁰ Brotthvarf flugfélagsins Play bætir þar ekki úr skák, þó að endingu komi maður í manns stað.

Eins og fyrr segir var grunnspá ASÍ uppfærð með tilliti til búisífa í áliðnaði. Ljóst er að heildaráhrif þess á útflutningmagn eru neikvæð, en þó er ekki loku fyrir það skotið að innlendir framleiðendur geti aukið við afköst sín að einhverju leyti. Þess utan hefur heimsmarkaðsverð á áli hækkað í kjölfar framleiðsluskerðingar á Grundartanga.¹¹ Við það aukast útflutningsverðmæti þess áls, sem þó verður selt úr landi.

Mynd 14. Útflutningur - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

¹⁰ Sjá [Peningamál 2025/3](#)


¹¹ Sjá t.d. umfjöllun [VB](#).

Grýtt leið að verðbólguþröngun

Verulega hæð á verðbólgu í kjölfar undirritunar stöðugleiksamninganna vorið 2024. Verðbólga mældist 8,8% árið 2023, var orðin 4,5% í lok árs 2024 og hefur á þessu ári verið í kringum efri vikið Seðlabankans, um 4%. Samkvæmt spá ASÍ er gert ráð fyrir 4,2% ársverðbólgu árið 2025.

Stýrivextir (meginvextir Seðlabanka Íslands) hækkuðu skarpt frá 2022 til 2023 og stóðu hæst í 9,25 prósent. Því vaxtastigi var haldið í 406 daga,¹² en á meðan lækkaði árstaktur verðbólgu um 2,9 prósentustig.

Mynd 15. Þróun verðbólgu og vaxta



Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Frá undirritun kjarasamninga hafa hækkanir húsnæðiskostnaðar verið helsta drifjöður verðbólgu, sérstaklega framan af árinu 2024. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 8,4% frá janúar 2024 til september 2025. Af þeim hækkunum nema uppsöfnuð áhrif *húsnæðis, hita og rafmagns* um 4,3%. Frá ársbyrjun 2025 gerðu almennari verðhækkanir vart við sig að nýju, m.a. í mat- og drykkjarvöru þar sem verðhækkanir mældust á breiðum grunni á vormánuðum. Alls nema uppsöfnuð áhrif af hækkunum á *mat og drykk* 1,3% af verðbólgu frá ársbyrjun 2024.


Verð *ferða og flutninga* hefur verið sveiflukennt og er sá liður sem hefur haft hvað mest einstök áhrif á mánaðargildi vísitölu neysluverðs, bæði til hækkunar (0,47%) og lækkunar (-0,42%). Þar munar mest um flutninga í lofti en flokkurinn nær einnig yfir verð á eldsneyti. Alþýðusamband Íslands hefur fjallað ítarlega um undirliði þessara tveggja síðastnefndu flokka (olíuverð og matvöru) undanfarin misseri. Þar hefur verið bent á að styrking gengis krónunnar og hagfelldara heimsmarkaðsverð hafi ekki komið fram að fullu í lægra smásöluverði á eldsneyti¹³.

¹² Frá 8. ágúst 2023 til 1. október 2024.

¹³ Sjá <https://vinnan.is/laekkun-a-oliuverdi-ekki-ad-skila-ser-til-neytenda/> og <https://vinnan.is/gengisahrifa-gaetir-ekki-a-islenskum-bensindaelum>

Mynd 16. Uppsöfnuð áhrif á vísitölu neysluverðs

Janúar 2024 til September 2025



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar ASÍ

Samkvæmt spá ASÍ er heldur útlit fyrir hæga hjöðnun verðbólgu á komandi misserum. Spáð er að verðbólga verði við efri vikið verðbólgu markmiðs Seðlabankans á árinu 2026, um 4,0% og verði að jafnaði 3,7% á árinu 2027. Verðbólguþrýstingurinn skýrist af nokkrum þáttum.


Áfram er gert ráð fyrir spennu á leigumarkaði en hækkanir á leiguverði eru nú grundvöllur bæði reiknaðrar og greiddar húsaleigu í mælingum vísitölu neysluverðs. Einnig mælast enn þónokkrar hækkanir á innlendu verðlagi, einkum matvöruverði og þjónustu. Til viðbótar má vænta þess að hækkanir á opinberri þjónustu, bæði ríkis og sveitarfélaga, muni koma til framkvæmda á næsta ári, m.a. vegna hækkana á krónutölugjöldum í fjárlögum, breytinga á vörugjöldum bifreiða, breytinga á leikskólagjöldum og vegna fyrirhugaðra breytinga á gjalddöku eldsneytis samhliða upptöku kílómetragjalds. Í nýlegri greiningu Alþýðusambands Íslands er afnám eldsneytisgjalda sett í samhengi við stöðu samkeppni á eldsneytismarkaði. Í greininni er bent á að heildarkostnaður neytenda geti við breytingarnar hækkað þar sem samkeppni sé ekki að fullu virk á eldsneytismarkaði¹⁴.

¹⁴ Sjá <https://vinnan.is/kilometragjald-og-samkeppni-a-eldsneytismarkadi/>

Atvinnuleysi fer vaxandi

Mynd 17. Fjöldi starfandi


Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands

Ljóst er að vinnumarkaður sýnir merki um kólnun um þessar mundir. Verulega hefur hægt á fjölgun starfa, sem mældist 0,5% í ágúst borið saman við 1,8% vöxt í sama mánuði árið 2024. Nýjustu tölur um fjölda starfandi samkvæmt skránná hins vegar ekki yfir gjaldþrot lággjaldaflugfélagsins Play. Fleiri mælikvarðar benda til sömu þróunar. Mælingar á heildarvinnustundum sýna að vinnustundum fer fækkandi milli ára, lausum störfum hefur fækkað samkvæmt mælingum Hagstofunnar ásamt því að þeim fyrirtækjum sem telja nægt framboð vera af starfsfólki hefur fjölgað.

Mynd 18. Atvinnuleysi



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Fyrir nýjustu áföll í álframleiðslu var talið að atvinnuleysi næstu tveggja ára mætti helst rekja til fyrirséðrar fækkunar ferðamanna og samdráttar á byggingageiranum. Undanfarin þrjú ár

hefur atvinnuleysi verið á bilinu 3,4 til 3,6 prósent, en í spá ASÍ er gert ráð fyrir nokkurri aukningu í hópi atvinnulausra. Breyttar forsendur um álútflutning hafa ekki teljanleg áhrif á spáð atvinnuleysi þessa árs (4,5%), en horfur næsta árs voru færðar upp um 0,2 prósentustig; úr 4,7 í 4,9 prósent. Teygist framleiðslustöðvunin fram á þriðja ársfjórðung¹⁵ 2026 má vænta 5 prósent atvinnuleysis það árið.

¹⁵ M.v. dekkri sviðsmynd